



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

JÖFNUNARSJÓÐUR

**Skýrsla um jöfnunarsjóð alþjónustu
fyrir árin 2000-2005**

Apríl 2007

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
1.1. Alþjónusta.....	3
1.2. Um jöfnunarsjóð	3
2. Yfirlit yfir greiðslur fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð.....	4
2.1. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2000.....	4
2.2. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2001	5
2.3. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2002	6
2.4. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2003	7
2.5. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2004	8
2.6. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2005	9
2.7. Yfirlit yfir greiðslur á árunum 2000 – 2005	10
3. Jöfnunarsjóður.....	11
3.1. Staða jöfnunarsjóðs	11
3.2. Úttekt ríkisendurskoðunar	11
4. Útreikningur á kostnaði vegna alþjónustukvaða	12
4.1. Útreikningur á fjárframlögum til Neyðarlínunnar.....	12
4.2. Beiðni Símans um fjárframlag vegna alþjónustu.....	14
5. Lokaorð.....	14

1. Inngangur

1.1. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og reglugerð um alþjónustu nr. 641/2000, með síðari breytingum.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að útnefna einn eða fleiri aðila til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almenningsssímar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Tvö fyrirtæki hafa alþjónustuskyldur samkvæmt núgildandi lögum: Neyðarlínan hf. (hér eftir Neyðarlínan), sbr. rekstrarleyfi, dags. 1. október 2001, sem rekur talsímaþjónustu á sviði neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala og Síminn hf. (hér eftir Síminn), sem skal bjóða upp á alla aðra þjónustu sem fellur undir alþjónustu, sbr. fyrirmæli til Símans, dags. 5. apríl 2005.

1.2. Um jöfnunarsjóð

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskyldur getur sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir ef talið er að starfsemin sé rekin með tapi eða sé óarðbær.

Til að standa straum af endurgjaldi til fjarskiptafyrirtækja sem á hafa verið lagðar skyldur til að veita alþjónustu er innheimt jöfnunargjald. Við ákvörðun á jöfnunargjaldi er ákveðin álagningarprósenta lögð á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu. Álagningarprósentan er nú 0,12%.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega. Sjá nánar 22. gr. fjarskiptalaga.

Á árunum 1999-2003 sótti Neyðarlínan ein um framlag úr jöfnunarsjóði, en árið 2004 barst einnig umsókn frá Símanum sem sótti um framlag vegna gagnaflutningsþjónustu

og rekstur talsímakerfis á Vestfjörðum, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar nr. 2/2006 og ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 7. desember 2006, um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

2. Yfirlit yfir greiðslur fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal Póst- og fjarskiptastofnun birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft.

Neðangreindar upplýsingar um greiðslur einstakra fyrirtækja eru unnar úr upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins og sýna einnig álagningu, breytingar og afskriftir á árunum 2000 til 2005.

2.1. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2000

Á árinu 2000 fékk Póst- og fjarskiptastofnun aukafjárveitingu vegna jöfnunarsjóðs að fjárhæð 10 m.kr. Var það tilkomið vegna þess að lög nr. 72/2000, sem ákvörðuðu álagningarprósentuna voru samþykkt þann 20. maí 2000.

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Alls
600898-2059	365 hf	10.619			10.619
661197-2269	Halló! - Frjáls fjarskipti ehf	4.135			4.135
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	32.779			32.779
680597-3169	Innn hf	17.192			17.192
660595-2449	Internet á Íslandi hf	126.000			126.000
670199-2239	Mint GSM hf	1.800			1.800
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	267.555			267.555
540269-5729	Ríkisútvarpið	2.439.074			2.439.074
500269-6779	Síminn hf	8.835.955			8.835.955
590269-7199	Skýrr hf	1.030.636			1.030.636
660397-2729	Tal hf	1.165.333			1.165.333
		13.931.078			13.931.078

2.2. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2001

Tafla 2

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Alls
680795-2079	365 - Ljósvakamiðlar ehf	3.541.125			3.541.125
600898-2059	365 hf	515.876			515.876
450500-2080	Fjarskiptafélagið Títan hf	92.025			92.025
661197-2269	Halló! - Frjáls fjarskipti ehf	4.221			4.221
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	6.188			6.188
680597-3169	Innn hf	32.925			32.925
660595-2449	Internet á Íslandi hf	79.448			79.448
531195-2139	Landsnet ehf	16.991			16.991
490799-3039	Lína.Net hf	304.834			304.834
551299-3099	Margmiðlun - Internet ehf	140.379			140.379
441096-2759	Martel ehf	1.128			1.128
670199-2239	Mint GSM hf	3.133			3.133
530696-2949	Nett ehf	18.282			18.282
511095-2559	Neyðarlínan hf	128.618			128.618
560500-3350	Nordial á Íslandi hf	66			66
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	(267.555)		(267.555)	
540269-5729	Ríkisútvarpið	377.831			377.831
500269-6779	Síminn hf	8.351.014			8.351.014
590269-7199	Skýrr hf	294.011			294.011
430197-2319	Snerpa ehf	37.420			37.420
480200-3140	Stikla ehf (samruni)	9.546			9.546
660397-2729	Tal hf	1.137.368			1.137.368
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag	35.428			35.428
701274-0169	Vestmark ehf	690			690
		14.860.992			14.860.992

2.3. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2002

Tafla 3

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Alls
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf	13.800.000			13.800.000
600898-2059	365 hf	1.380.000			1.380.000
590701-2970	eMax ehf	152			152
561000-3520	Fjarski ehf	98.256			98.256
450500-2080	Fjarskiptafélagið Títan hf	207.000			207.000
661197-2269	Halló! - Frjáls fjarskipti ehf	138.000			138.000
551100-3240	Hátíðni hf	1.327			1.327
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	110.400			110.400
590600-2530	Hringja.is ehf	138.000			138.000
620600-3690	IMC Ísland ehf	13.800			13.800
680597-3169	Innn hf	138.000			138.000
660595-2449	Internet á Íslandi hf	172.576	(171.856)		720
501100-2850	Íslandsmiðill ehf	1.380.000			1.380.000
680300-2240	Íslandssími GSM ehf	5.520.000			5.520.000
531195-2139	Landsnet ehf	55.200			55.200
490799-3039	Lína.Net hf	690.000			690.000
551299-3099	Margmiðlun - Internet ehf	345.000			345.000
670199-2239	Mint GSM hf	138.000			138.000
510599-2769	Netsmiðjan ehf	138.000			138.000
530696-2949	Nett ehf	15.356	(15.356)		0
511095-2559	Neyðarlínan hf	276.000			276.000
560500-3350	Nordial á Íslandi hf	55	(55)	(66)	(66)
571297-2489	ORBCOMM á Íslandi ehf	13.800			13.800
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	828.000			828.000
540269-5729	Ríkisútvarpið	2.366.200	(5.127.493)		(2.761.293)
500269-6779	Síminn hf	15.931.411			15.931.411
430700-2860	Skrín ehf	11.105			11.105
590269-7199	Skýrr hf	5.520.000			5.520.000
430197-2319	Snerpa ehf	31.432	(31.384)		48
480200-3140	Stikla ehf (samruni)	8.018	(8.018)		0
660397-2729	Tal hf	2.983.185	(131.815)		2.851.370
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag	29.759	(2.473)		27.286
701274-0169	Vestmark ehf	690			690
710172-0489	Vélsmiðja Ísafjarðar ehf	579	(579)		0
		52.479.301	(5.489.029)	(66)	46.990.206

2.4. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2003

Tafla 4

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Alls
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf	11.040.000	(28.371.610)		(17.331.610)
600898-2059	365 hf	3.828.427	(627.306)		3.201.121
650297-2029	Anza hf	30.317			30.317
590701-2970	eMax ehf	5.520			5.520
561000-3520	Fjarski ehf	95.725			95.725
450500-2080	Fjarskiptafélagið Títan hf	165.600	(165.600)		0
661197-2269	Halló! - Frjáls fjarskipti ehf	224.717	9.202		233.919
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	95.032	(76.859)		18.173
590600-2530	Hringja.is ehf	138.000	(138.000)		0
620600-3690	IMC Ísland ehf	149.040	(24.840)		124.200
680597-3169	Innn hf	110.400	(110.400)		0
660595-2449	Internet á Íslandi hf	817			817
501100-2850	Íslandsmiðill ehf	1.104.000	(2.484.000)		(1.380.000)
680300-2240	Íslandssími GSM ehf	4.617.059	(9.405.063)		(4.788.004)
531195-2139	Landsnet ehf	44.160	(44.160)		0
490799-3039	Lína.Net hf	552.000	(403.124)		148.876
551299-3099	Margmiðlun - Internet ehf	276.000	(621.000)		(345.000)
670199-2239	Mint GSM hf	110.400	(110.400)	(138.000)	(138.000)
450701-2620	Netsamskipti ehf	5.520			5.520
510599-2769	Netsmiðjan ehf	110.400	(248.400)		(138.000)
511095-2559	Neyðarlínan hf	220.800	(19.101)		201.699
571297-2489	ORBCOMM á Íslandi ehf	11.040	(24.840)		(13.800)
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	662.400	(1.471.864)		(809.464)
540269-5729	Ríkisútvarpið	23.514	(23.514)		0
500269-6779	Síminn hf	20.701.328			20.701.328
430700-2860	Skrín ehf	18.902			18.902
590269-7199	Skýrr hf	4.416.000	(9.936.000)		(5.520.000)
430197-2319	Snerpa ehf	690	(38.038)		(37.348)
660397-2729	Tal hf	2.637.516			2.637.516
660702-2880	Tengir hf	9.410			9.410
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag	21.828	(3.125)		18.703
550402-3510	Toppnet ehf	9.635			9.635
701274-0169	Vestmark ehf	552	(552)		0
		51.436.749	(54.338.594)	(138.000)	(3.039.845)

2.5. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2004

Tafla 5

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Alls
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf	8.180			8.180
600898-2059	365 hf	7.565.568	(1.981.791)		5.583.777
650297-2029	Anza hf	972.142			972.142
610103-2940	Atlassími ehf	3.196			3.196
590701-2970	eMax ehf	38.684	(38.684)		0
470200-2780	Equant á Íslandi ehf	23.338			23.338
561000-3520	Fjarski ehf	158.435			158.435
661197-2269	Halló! - Frjáls fjarskipti ehf		(3.236)	(3.236)	
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	120.000			120.000
620600-3690	IMC Ísland ehf	136.324	(248.400)	(112.076)	
660595-2449	Internet á Íslandi hf	1.220			1.220
490799-3039	Lína.Net hf	450.417			450.417
711293-2999	Margmiðlun hf	222.335			222.335
511095-2559	Neyðarlínan hf	181.917			181.917
551298-3029	Orkuveita Reykjavíkur	1.080.000			1.080.000
500269-6779	Síminn hf	19.685.426	(9.690.829)		9.994.597
430700-2860	Skrín ehf	179.031			179.031
601200-2520	Skyggirnir hf upplýsingaþjónusta	1.047.076			1.047.076
430197-2319	Snerpa ehf	494	(494)		0
660397-2729	Tal hf	215.599	(485.099)	(269.500)	
660702-2880	Tengir hf	19.822			19.822
550402-3510	Toppnet ehf	7.345	(16.526)	(9.181)	
460598-2149	Tölvusmiðjan ehf	7.320			7.320
701274-0169	Vestmark ehf			(690)	(690)
		32.123.869	(12.465.059)	(690)	19.658.120

2.6. Yfirlit yfir greiðslur á árinu 2005

Tafla 6

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Alls
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf	120.000			120.000
600898-2059	365 hf	8.415.567			8.415.567
650297-2029	Anza hf	838.808			838.808
610103-2940	Atlassími ehf	33.161			33.161
690197-3169	Ábótinn ehf	2.719			2.719
590701-2970	eMax ehf	42.929			42.929
470200-2780	Equant á Íslandi ehf	38.629			38.629
580902-2190	Farice hf	436.001			436.001
670503-2670	Firstmile á Íslandi ehf	9.433			9.433
561000-3520	Fjarski ehf	222.652	(25.819)		196.833
610504-3020	Flugfjarskipti ehf	296.626			296.626
590900-2730	Gagnanet ehf	4.440			4.440
551100-3240	Hátúðni hf	14.400			14.400
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	50.178			50.178
620600-3690	IMC Ísland ehf	54.260			54.260
660595-2449	Internet á Íslandi hf	96.547			96.547
681201-2890	IP-fjarskipti ehf	1.421			1.421
501100-2850	Íslandsmiðill ehf	1.186			1.186
650594-2909	Kapalvæðing ehf	38.435			38.435
560294-2989	MarStar International ehf	240.000			240.000
450701-2620	Netsamskipti ehf	19.264	(19.264)		0
511095-2559	Neyðarlínan hf	120.000	(153.250)	(	33.250)
530292-2079	Nýherji hf	300.000			300.000
551298-3029	Orkuveita Reykjavíkur	600.000			600.000
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	391.477			391.477
420703-2360	Radíóvík ehf	3.688			3.688
431100-2070	Rafbylgja ehf	17.889			17.889
540269-5729	Ríkisútvarpið	60.000			60.000
500269-6779	Síminn hf	13.998.648			13.998.648
430700-2860	Skrín ehf	183.035			183.035
601200-2520	Skyggnir hf upplýsingaþjónusta	1.096.751	(2.084.347)	(	987.596)
590269-7199	Skýrr hf	2.479.531			2.479.531
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag	174.258			174.258
550402-3510	Toppnet ehf	7.111			7.111
571201-2670	TSC ehf	3.240			3.240
690393-2989	Tölvun ehf, verkfræði-/tölvuþjón	1.200			1.200
460598-2149	Tölvusmiðjan ehf	14.400			14.400
621191-1449	Tölvuþjónustan - SecurStore eh	18.622			18.622
411199-2749	Þekking - Tristan hf	459.977			459.977
		30.906.483	(2.282.680)		28.623.803

2.7. Yfirlit yfir greiðslur á árunum 2000 – 2005

Tafla 7

Kennitala	Nafn	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. 2005
680795-2079	365 - ljósvakamiðlar ehf	28.509.305	(28.371.610)		137.695	
600898-2059	365 hf	21.716.057	(2.609.097)		19.106.960	
650297-2029	Anza hf	1.841.267			1.841.267	
610103-2940	Atlassími ehf	36.357			19.796	16.561
690197-3169	Ábótinn ehf	2.719			2.719	
590701-2970	eMax ehf	87.285	(38.684)		27.137	21.464
470200-2780	Equant á Íslandi ehf	61.967			61.967	
580902-2190	Farice hf	436.001			436.001	
670503-2670	Firstmile á Íslandi ehf	9.433			4.717	4.716
561000-3520	Fjarski ehf	575.068	(25.819)		438.057	111.192
450500-2080	Fjarskiptafélagið Títan hf	464.625	(165.600)		299.025	
610504-3020	Flugfjarskipti ehf	296.626			148.313	148.313
590900-2730	Gagnanet ehf	4.440				4.440
661197-2269	Halló! - Frjáls fjarskipti ehf	371.073	5.966		377.039	
551100-3240	Hátíðni hf	15.727			1.327	14.400
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	414.577	(76.859)		312.659	25.059
590600-2530	Hringja.is ehf	276.000	(138.000)		138.000	
620600-3690	IMC Ísland ehf	353.424	(273.240)		80.184	
680597-3169	Inn hf	298.517	(110.400)		188.117	
660595-2449	Internet á Íslandi hf	476.608	(171.856)		304.752	
681201-2890	IP-fjarskipti ehf	1.421			1.421	
501100-2850	Íslandsmiðill ehf	2.485.186	(2.484.000)		1.186	
680300-2240	Íslandssími GSM ehf	10.137.059	(9.405.063)		731.996	
650594-2909	Kapalvæðing ehf	38.435			19.218	19.217
531195-2139	Landsnet ehf	116.351	(44.160)		72.191	
490799-3039	Lína.Net hf	1.997.251	(403.124)		1.594.127	
551299-3099	Margmiðlun - Internet ehf	761.379	(621.000)		140.379	
711293-2999	Margmiðlun hf	222.335			222.335	
560294-2989	MarStar International ehf	240.000				240.000
441096-2759	Martel ehf	1.128			1.128	
670199-2239	Mint GSM hf	253.333	(110.400) (138.000)		4.933	
450701-2620	Netsamskipti ehf	24.784	(19.264)		5.520	
510599-2769	Netsmiðjan ehf	248.400	(248.400)			
530696-2949	Nett ehf	33.638	(15.356)		18.282	
511095-2559	Neyðarlínan hf	927.335	(172.351)		754.984	
560500-3350	Nordial á Íslandi hf	121	(55) (66)			
530292-2079	Nýherji hf	300.000			3.957	296.043
571297-2489	ORBCOMM á Íslandi ehf	24.840	(24.840)			
551298-3029	Orkuveita Reykjavíkur	1.680.000			1.225.853	454.147
480868-0219	Radíómiðun - Ísmar ehf	1.881.877	(1.471.864)		214.275	195.738
420703-2360	Radíóvík ehf	3.688				3.688
431100-2070	Rafbylgja ehf	17.889			17.889	
540269-5729	Ríkisútvarpið	5.266.619	(5.151.007)		115.612	
500269-6779	Síminn hf	87.503.782	(9.690.829)		70.822.028	6.990.925
430700-2860	Skrín ehf	392.073			300.665	91.408
601200-2520	Skyggirnir hf upplýsingaþjónusta	2.143.827	(2.084.347)		59.480	
590269-7199	Skýrr hf	13.740.178	(9.936.000)		2.564.413	1.239.765
430197-2319	Snerpa ehf	70.036	(69.916)		120	
480200-3140	Stikla ehf (samruni)	17.564	(8.018)		9.546	
660397-2729	Tal hf	8.139.001	(616.914)		7.522.087	
660702-2880	Tengir hf	29.232			29.232	
511099-2269	Tetraíslan ehf Fjarskiptafélag	261.273	(5.598)		255.675	
550402-3510	Toppnet ehf	24.091	(16.526)		4.010	3.555
571201-2670	TSC ehf	3.240			1.620	1.620
690393-2989	Tölvun ehf, verkfræði-/tölvuþjón	1.200			600	600
460598-2149	Tölvusmiðjan ehf	21.720			14.529	7.191
621191-1449	Tölvuþjónustan - SecurStore ehf	18.622			9.311	9.311
701274-0169	Vestmark ehf	1.932	(552) (690)		690	
710172-0489	Vélsmiðja Ísafjarðar ehf	579	(579)			
411199-2749	Þekking - Tristan hf	459.977			229.990	229.987
		195.738.472	(74.575.362) (138.756)		110.895.014	10.129.340

3. Jöfnunarsjóður

3.1. Staða jöfnunarsjóðs

Með bréfi, dags. 11. janúar 2006, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir því við ríkisendurskoðun að stofnunin gerði úttekt á stöðu sjóðsins miðað við áramótin 2005/2006.

Niðurstaða ríkisendurskoðunar barst með bréfi, dags. 18. apríl 2006. Hér fyrir neðan má sjá meginniðurstöður úttektarinnar.

3.2. Úttekt ríkisendurskoðunar

Í töflu 8 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs.

Tafla 8						
Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000	0	13.931.078	0	0	9.818.302	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992	0	0	6.596.238	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	66	40.900.639	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	138.000	9.211.753	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	690	25.330.489	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)	0	19.037.593	10.129.340
		195.738.472	(74.575.362)	138.756	110.895.014	

Í töflu 9 er yfirlit yfir tekjufærslur.

Tafla 9				
Ár	Tekjufært	Gjaldf. afskr.	Framlag	Til ráðst.
Árið 2000.....	13.931.078		10.000.000	23.931.078
Árið 2001.....	14.860.992			14.860.992
Árið 2002.....	25.934.843	(66)		25.934.777
Árið 2003.....	18.015.584			18.015.584
Árið 2004.....	19.658.810	(690)		19.658.120
Árið 2005.....	28.623.803			28.623.803
	121.025.110	(756)	10.000.000	131.024.354

Framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið eftirfarandi síðustu 6 árin samkvæmt bókhaldi Póst- og fjarskiptastofnunar og hefur þeim öllum verið ráðstafað til Neyðarlínunnar hf.;

Tafla 10

Ár	Neyðarlínan
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
	<u>135.675.530</u>

Í úttekt ríkisendurskoðunar kemur m.a. fram að framlög og greiðslur til Neyðarlínunnar hf. hafa verið 135.675.530 kr. en álagt jöfnunargjald sjóðsins hefur á sama tímabili numið 121.024.354 kr. Mismunur á þessum fjárhæðum er 14.651.176 kr. á þessu 6 ára tímabili sem liðið er frá því að gjaldið var tekið upp.

Þá ber að geta þess að stofnunin fékk á árinu 2000 aukafjárveitingu vegna þess að álagning jöfnunarsjóðs hófst ekki fyrr en á miðju ári 2000. Framlög umfram tekjur eru því 4.651.176 kr. á þessu tímabili og er sú upphæð því skuld sjóðsins við Póst- og fjarskiptastofnun í lok ársins 2005.

4. Útreikningur á kostnaði vegna alþjónustukvaða

4.1. Útreikningur á fjárframlögum til Neyðarlínunnar

Neyðarlínan hf. var stofnuð í október 1995 og hóf þann 1. janúar 1996 að sinna neyðarsímsvörun í númerið 112. Um starfsemi Neyðarlínunnar gilda lög nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun, lög um fjarskipti nr. 83/2003 og reglugerð um alþjónustu nr. 641/2000. Starfsemi félagsins er því mun víðtækari en sem nemur alþjónustukvöð fjarskiptalaga.

Samkvæmt rekstrarleyfi Neyðarlínunnar hf., dags. 1. október 2001, hefur fyrirtækið leyfi til reksturs talsímaþjónustu á sviði neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala og skal fyrirtækið inna af hendi alþjónustu á því sviði sem leyfið nær til.

Við útreikning á fjárframlagi til Neyðarlínunnar er einungis greitt fyrir þann hluta starfseminnar sem fellur undir alþjónustu þ.e. svörun neyðarsímtala.

Starfsemi varðstofu Neyðarlínunnar skiptist á milli neyðarsímsvörunar og ýmiss konar þjónustu við öryggisfyrirtæki, s.s. Vara og Securitas, ásamt símsvörun fyrir opinbera aðila. Tveir starfsmenn eru að jafnaði við þjónustu á öryggisborðunum en 3 – 4 á neyðarborðunum. Ræðst það af því að vegna öryggissjónarmiða er ekki unnt að hafa sama álag á neyðarborðunum 112 og á öryggisborðunum 113.

Í upphafi var miðað við að hlutfall svörunar hvers símtals væri um 40% af hverju símtali og félli þ.a.l. undir alþjónustukvöð fjarskiptalaga.

Miðað við notkunartölur var hlutfall neyðarsímtala tæplega helmingur allra símtala sem bárust Neyðarlínunni. Þetta þýðir að hlutfall alþjónustu var áætlað um 18,7%. Við ákvörðun á fjárframlögum til Neyðarlínunnar hefur hins vegar alltaf verið stuðst við hlutfallið 16% og er þá tekið tillit til vikmarka og varúðarsjónarmiða við ákvörðun þess framlags sem greiða skal úr jöfnunarsjóði.

Við ákvörðun á fjárframlagi til Neyðarlínunnar vegna kostnaðar við alþjónustu á hverju ári hefur verið tekið mið af rekstri Neyðarlínunnar fyrir heilt ár árið á undan og einnig er tekið mið af rekstri fyrstu 6 mánuði þess árs sem umsókn berst, en samkvæmt lögum um fjarskipti skal sækja um fyrirfram úr sjóðnum vegna komandi árs. Ekki er tekið tillit til afskrifta þegar tekið er mið af rekstri Neyðarlínunnar.

Yfirlit yfir rekstur Neyðarlínunnar er sundurliðað niður á eftirtalda kostnaðarliði: Launakostnað, húsnæðiskostnað, rekstrarkostnað varðstofu, skrifstofukostnað og fjármagnskostnað. Ofangreind yfirlit og áætlun um kostnað yfirstandandi árs eru tekin saman og undirrituð af löggiltum endurskoðenda Neyðarlínunnar. Út frá áætlun um heildarkostnað við rekstur Neyðarlínunnar er fjárframlag til Neyðarlínunnar reiknað sem margfeldi af hlutfalli þess rekstrar sem fellur undir alþjónustu þ.e. 16% og heildarrekstrarkostnaðar Neyðarlínunnar hf. að frádregnum afskriftum.

Í desember 2005 og janúar 2006 var gerð könnun á hlutfalli neyðarsímsvörunar í heildarstarfsemi Neyðarlínunnar. Niðurstaðan úr þeirri könnun bendir til að hlutfall alþjónustu í rekstri Neyðarlínunnar sé um 16%.

Í könnuninni kom fram að meðallengd hvers símtals er 66,7 sek. og hluti svörunar 20 sek. Út frá þeim forsendum fæst sú niðurstaða að hlutfall svörunar símtals sé 30% en sundurliðun á hlutfallsskiptingu símtals sem berst Neyðarlínunni á mismunandi þjónustuþætti er skv. töflu 11.

Tafla 11	
Svörun.....	30%
Greining.....	35%
Boðun.....	20%
Þjónusta.....	10%
Skýrslugerð.....	5%
Samtals	100%

Samkvæmt gagnagrunni Neyðarlínunnar yfir fjölda símtala í desember árið 2005 og janúar 2006 er skipting símtala í Neyðarlínuna eftirfarandi:

Tafla 12

Desember	2005	Fjöldi	Hlutfall
Neyðarsímsvörun í 112		23.657	56,4%
112 annað		7.440	17,8%
Önnur þjónustuverkefni		10.812	25,8%
		41.909	100,0%

Tafla 13

Janúar	2006	Fjöldi	Hlutfall
Neyðarsímsvörun í 112		23.472	53,9%
112 annað		8.662	19,9%
Önnur þjónustuverkefni		11.413	26,2%
		43.547	100,0%

Meðaltal þessa tveggja mánaða er samkvæmt töflu 14.

Tafla 14

Meðaltal	Fjöldi	Hlutfall
Neyðarsímsvörun í 112	23.565	55,2%
112 annað	8.051	18,8%
Önnur þjónustuverkefni	11.113	26,0%
	42.728	100,0%

Það er því hægt að draga þá ályktun út frá ofangreindri forsendu að 55,2% allra símtala sem berast Neyðarlínunni séu vegna neyðarsímsvörunar. Miðað við að hluti svörunar sé 30% hvers símtals er því hægt að finna hlutfall alþjónustu í rekstri Neyðarlínunnar. Hlutfall alþjónustu er því margfeldi hlutfallstölu þeirra símtala sem teljast til neyðarsímsvörunar og hlutfall svörunar fyrir neyðarsímtal þ.e. $55,2\% \times 30\%$ eða 16,6%.

4.2. Beiðni Símans um fjárframlag vegna alþjónustu

Eins og fram kemur hér að ofan óskaði Síminn eftir framlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu á árinu 2004. Beiðni Símans skiptist í tvennt, annars vegar vegna þeirrar kvaðar að bjóða öllum landsmönnum upp á gagnaflutningsþjónustu allt upp að 128 Kb/s og hins vegar vegna mikils kostnaðar við rekstur og fjárfestingar notendalínukerfisins á Vestfjörðum. Um niðurstöðu vísast í úrskurð úrskurðarnefndar nr. 2/2006 og ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 7. desember 2006.

5. Lokaorð

Samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar hafa útgreiðslur úr jöfnunarsjóði verið hærri en inngreiðslur og sjóðurinn því í skuld við Póst- og fjarskiptastofnun þar sem stofnunin hefur séð um að greiða reikninga sjóðsins. Mál vegna umsóknar Símans frá 2004 er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist í því máli varðandi upphæð framlags til Símans mun Póst- og fjarskiptastofnun leggja fram tillögu, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. laga um fjarskipti, um hækkun

prósentu sem lögð er á álagningarstofn fjarskiptafyrirtækja, til að gera sjóðnum kleift að standa undir þeim skuldbindingum sem þegar eru fallnar á sjóðinn.

Með lögum nr. 78/2005, var gerð eftirfarandi breyting á 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga:

“Ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósamngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Við útreikninga á kostnaði við alþjónustu skal m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Nánar skal kveðið á um útreikninga á kostnaði við alþjónustu í reglugerð um alþjónustu, sbr. 20. gr.”

Þar sem umrædd lagabreyting tók gildi á miðju ári 2005, eru ekki forsendur til að taka mið af hugsanlegum markaðsávinningi við útreikninga á framlögum til þeirra fyrirtækja sem sótt hafa um framlög úr sjóðnum á því tímabili sem skýrsla þessi nær til. Þetta hefur þær afleiðingar að ekki eru forsendur fyrir, að gerð sé greinargerð um þann ávinning sem Póst- og fjarskiptastofnun telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft, sbr. 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar nr. 2/2006.

Með 3. gr. laga nr. 39/2007, var bætt við nýjum málslíð við 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga, hið nýja ákvæði hljóðar svo: *“Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag.”* Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun sé gert skylt að hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag ef sá þáttur starfseminnar sem háður er fjárframlögum skv. 21. gr. laganna er ekki bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins. Ljóst er að tilvitnuð breyting á fjarskiptalögunum mun hafa áhrif á hvernig umsóknir um framlag úr sjóðnum verða meðhöndlaðar í framtíðinni.